



Ungmennasamband Kjalarnesþings

ÞINGGERÐ

61. ÁRSPING

Félagsheimili Kópavogs 10. febrúar 1985

61. ársþing UMSK.

Haldið í Félagsheimili Kópavogs 10. febrúar 1985.

I. Kristján Sveinbjörnsson setti þingið kl. 10.15 og bauð gesti og fulltrúa velkomna.

Gestir þingsins voru:

Þálmí Gíslason formaður UMFÍ

Sigurður Geirdal framkvæmdastjóri UMFÍ

Jón G. Guðbjörnsson stjórnarmaður UMFÍ

Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ

Hermann Guðmundsson framkvæmdastjóri ÍSÍ

Guðni Halldórsson formaður FRÍ

Axel Jónsson fyrrverandi formaður UMSK

Þórður Guðmundsson frá Íþróttaráði Kópav.

Stefán Guðmundsson Íþróttafulltrúi Kópav.

II. Kosnir starfsmenn þingsins.

Fyrsti þingforseti var kjörinn Páll Bjarnason UBK, annar þingforseti var kjörinn Páll Aðalsteinsson UMFA. Þingritarar voru kjörin þau Ingólfur A. Steindórsson og Ólína Sveinsdóttir bæði úr UBK. Í kjörbréfa-nefnd voru kjörin: Einar Gunnarsson UBK, Margrét Hreinsdóttir ÍK og Þórunn Ísfeld Gerplu.

III. Skýrsla stjórnar.

Kristján Sveinbjörnsson flutti skýrslu stjórnar, en skýrslan lá fyrir þinginu fjölrituð. Í skýrslunni kemur fram að starfsemi sambandsins hefur verið óvenju öflug á árinu, en stærstu verkefni voru Landsmót UMFÍ, Gaukurinn og innréttingavinna í leiguhúsnæði að Mjölnisholti 14. Kristján gat þess í skýrslu sinni að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs, en hann hefur verið formaður í 4 ár.

Katrín Gunnarsdóttir skýrði reikninga sambandsins.

Þálmí Gíslason form. UMFÍ bað um að fá að ávarpa þingið, þó ekki væri komið að dagskráliðnum ávörp gesta, þar sem hann teldi ólíklegt að hann myndi sitja þetta þing til enda. Þálmí deildi harðlega á þau ummæli sem fram koma í skýrslu stjórnar, þar sem segir: "að samstarfsaðilum og félögum okkar innan ungmennafélagshreyfingarinnar er ekki

treystandi fyrir heiðarlegu samstarfi þegar peningar eru annars vegar." Síðan sagði Pálmi: " Slíks held ég að séu engin dæmi, ég hef a.m.k. svo lengi sem ég hef starfað að félagsmálum ekki kynnst slíku og reyndar aldrei fyrr verði sakaður um að mér væri ekki treystandi þegar peningar væru annars vegar. Auðvitað ætti ekki að svara slíkum skætingi þó ýmislegt mætti draga fram." Pálmi bar síðan saman reikninga UMSK við þau tilboð sem gerð voru í innréttingarnar í húseigninni að Mjólnisholti 14 og nefndi nokkrar tölur því til staðfestingar og sagði síðan: " Ég held að eina leiðin nú væri sú að hér yrði beðist afsökunnar á þessu orðum og þau dregin til baka. Það mundi auðvelda þeim er nú taka við stjórn." Síðan flutti Pálmi kveðjur frá stjórn UMFÍ og drap á þau helstu mál sem ákveðið er að vinna að á árinu.

Þegar Pálmi hafði lokið ávarpi sínu sæmdi hann Axel Jónsson fyrrverandi formann UMSK gullmerki UMFÍ og gat þess í leiðinni að þetta væri í 18. skiptið sem gullmerki væri afhent.

Axel Jónsson þakkaði heiðurinn sem honum var sýndur. Hann hvatti þingfulltrúa til að halda áfram öfluggu starfi æskunni til heilla.

IV. Álit Kjörbréfanefndar.

Þórunn Ísfeld flutti álit Kjörbréfanefndar og kynnti þingfulltrúa. Alls áttu 76 fulltrúar frá 18 félögum rétt til setu á þinginu. Eftirtaldir fulltrúar voru mættir á þingið:

Umf. Drengur.

(rétt til þingsetu 3)

Guðmundur Davíðsson

Hermann Ingólfsson

Lárus Pétursson

Ýmir.

(rétt til þingsetu 3)

Jón Ólafur Pétursson

UMFA.

(rétt til þingsetu 5)

Páll Aðalsteinsson

Stjarnan.

(rétt til þingsetu 7)

Katrín Gunnarsdóttir

Gróttu.

(rétt til þingsetu 3)

Jón Tynes

ÍK.

(rétt til þingsetu 4)

Magnús Harðarson

Sigrún Sigvaldadóttir

Margrét Hreinsdóttir

Guðmundur Karlsson

Breiðablik.

(rétt til þingsetu 9)

Þorgerður Aðalsteinsdóttir

Sveinn Skúlason

Ingólfur Steindórsson

Pétur K. Sigurbjörnsson

Ester Jónsdótti

Helga Jóhannsdóttir

Ólína Sveinsdóttir

Vilhjálmur Einarsson

Óttar Erlingsson

Til vara:

Einar Gunnarsson

Gerpla.

(rétt til þingsetu 8)

Ásgeir E. Ásgeirsson

Kristín Einarsdóttir

Þórunn Ísfeld

Sigurður Magnússon

Elsa Jónsdóttir

Umf. Kjalnesinga.

(rétt til þingsetu 3)

Kristinn G. Jónsson

Magnea Ferdinandsdóttir

Ingibjörg Pálsdóttir

Samkvæmt 6. grein laga UMSK hafa stjórnarmenn sambandsins einnig atkvæðisrétt á þinginu þó þeir séu ekki kjörnir fulltrúar.

Eftirtaldir stjórnarmenn voru einni mættir:

Kristján Sveinbjörnsson

Sveinn Jóhannsson

Katrín Gunnarsdóttir

Vilhjálmur Einarsson

Úr varastjórn: Páll Aðalsteinsson

Kristinn G. Jónsson

Hér var gert hlé á þingstörfum og skipt upp í hópa til að ræða og fjalla um skýrslu stjórnar og reikninga.

Þegar starfshópar höfðu lokið starfi sínu var gert matarhlé. Kristján Guðmundsson bæjarstjóri ávarpaði þingfulltrúa og gesti og bauð þeim að þiggja hádegisverð í boði bæjarstjórnar Kópavogs.

V. Afhentar viðurkenningar.

Í hádegisverðahléi kvaddi Kristján Sveinbjörnsson form. UMSK sér hljóðs og afhenti eftirtaldir viðurkenningar:

Afreksbikarinn hlaut Svanhildur Kristjónsdóttir frjálsíþróttakona úr Breiðablik. Félagsmálaskjöldinn hlaut að þessu sinni Jón Ingi Ragnarsson fyrir störf sín fyrir UMSK og knattspyrnudeild Breiðabliks.

Bókin " Ræktun lýðs og lands " var afhent Olympíuförum af sambandsvæði UMSK, en þeir voru: Brynjar Kvaran handknattleiksmaður úr Stjórnunni og Gunnlaugur Jónasson og Jón Pétursson siglingamenn úr Ými. Áletraður silfurskjöldur var afhentur Hermann Guðmundssyni framkvæmdastjóri ÍSÍ fyrir gott samstarf í áratugi, en hann mun láta af störfum framkvæmdastjóra á árinu. Áletraður Landsmótssteinn var afhentur Kristján Guðmundssyni bæjarstjóra.

VI. Ávörp gesta.

Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ taldi hagnaðinn af rekstri sambandsins athyglisverðan. Hann gat þess að það myndi kosta u.þ.b. 250.000.000,00 að reka íþróttahreyfinguna árið 1985. Að loknu máli sínu afhenti Sveinn Kristján Sveinbjörnssyni fána ÍSÍ sem þakklætisvott fyrir gott og mikið starf. Einnig afhenti hann UMSK samkonar fána.

Guðni Halldórsson formaður FRÍ ræddi um frjálsar íþróttir og hvatti til þess að ítt væri við foreldrum með að taka þátt í starfinu með börnum sínum.

Hermann Guðmundsson framkvæmdastjóri ÍSÍ ræddi um samstarfið við UMSK á liðnum árum og þakkaði fyrir ánægjuleg samskipti í gegnum tíðina.

Axel Jónsson hvatti til aukins félagsstarfs og að hlúa þyrfti að félagsmálalættinum betur. Þá færði Axel UMSK mynd af Landsmótsförum á Landsmót UMFÍ að Haukadal 1940.

VII. Umræður um skýrslu stjórnar.

Þorgerður Aðalsteinsdóttir gerði grein fyrir álitum hóps 1. " Hópur 1 lýsir yfir ánægju sinni með skýrslu stjórnar svo og skýrslu frjálsíþróttaráðs sem tekin var saman af Ólafi Unnsteinssyni. Hópurinn bendir á mikilvægi þess að hafa fastan starfsmann og til þess að svo megi verða er nauðsyn á stórum fjáröflunum eins og t.d. útihátið í júní n.k. Vegna ummæla Pálma Gíslasonar viljum við taka fram að hópurinn fjallaði ekki um ávarp formanns.

Fyrirspurn til stjórnar; Hvers vegna tók Kópavogsskóli ekki þátt í skólahlaupi UMSK?

Að lokum vill hópurinn þakka kristján Sveinbjörnssyni mikil og góð störf í þágu sambandsins og aðildarféлага."

Sigmar Sigurðsson gerði grein fyrir álitum hóps 2.

Ávarp formanns.

Formaður geri betur grein fyrir ummælunum í ávarpi sínu.

Hópurinn var sammála um að sambandið ræki skrifstofu með launuðum starfsmanni.

Fjáröflun þ.e. útihátíð, rætt var um hvort UMSK ætti að standa fyrir slíkri útihátíð unglinga og var niðurstaðan að betra væri að UMSK stæði fyrir slíku en einstaklingar. Álitið var að betra væri að halda slíka hátíð um Jónsmessuna en hvítasunnuna.

Rætt var um hvernig stæði á því að þar sem 18 aðildarfélög væru í UMSK en aðeins 8 eða 9 tilkynntu sig til þingsins. Hérna hlýtur að vera skýring á.

Það leiðir til fræðslumála og fréttabréfs. Álit hópsins að sambandið skilgreini betur hlutverk sitt og noti til þess fréttabréf sambandsins sem e.t.v. ætti að senda til fleiri félagsmanna.

Varðandi aðstöðu íþróttafélaganna á sambandssvæðinu var álit hópsins að gjarnan mætti vera úttekt á henni í skýrslunni.

Þórunn Ísfeld gerði grein fyrir álitum hóps 3.

- " Umræður urðu um ávarp formanns UMSK í skýrslunni og síðan orð formanns UMFÍ. Stjórnarmaður úr stjórn UMSK rakti gang mála um samskipti HSK og UMSK varðandi útihátíðina Gaukinn í Þjórsárdal og samskipti UMSK og UMFÍ vegna húsnæðisins að Mjölnisholti. Nefndarmenn voru sammála um að skýrslan væri mjög skemmtilega unnin. Menn kvörtuðu yfir því að tími hefði ekki unnist til að lesa skýrsluna. Menn urðu sammála að senda ætti skýrsluna viku fyrir þing til félaganna svo menn gætu verið búnir að lesa skýrsluna fyrir þing.

Kristján Sveinbjörnsson formaður UMSK svaraði fyrirspurnum svo og ummælum Pálma Gíslasonar er fram komu í ávarpi hans. Kristján skýrði nánar ummæli þau sem fram komu í skýrslu stjórnar.

Einar Sveinn Árnason ræddi um Landsmót UMFÍ í Keflavík í sumar og að undirbúningur hefði ekki verið sem skildi og lagði til að landsmótsnefnd tæki nú þegar til starfa. Varðandi samstarf við HSK um "Gaukinn" þá hefði ekki verið gengið nógu hreint til verks í lok "Gauks 83". Greinilega hefðu verið miklar undiröldur á "Gauk 84". Starfsfólk UMSK hefði fundist það vera hálfgerðar boðflennur á svæðinu.

Sveinn Jóhannsson ræddi um landsmót og árangur þar. Varðandi fjárafilanir sambandsins þarf að liggja ljóst fyrir að aðildarfélögin vilji og ætli að vera þátttakendur með sambandinu. Þá ræddi Sveinn um uppgang UMSK hin síðari ár og þann mikla þátt sem Kristján Sveinbjörnsson ætti í þeim uppgangi.

Jón Guðbjörnsson gjaldkeri UMFÍ ræddi um deilu UMSK og UMFÍ.

Sigmar Sigurðsson ræddi um fimleika sem keppnisgrein á landsmóti.

Pálmi Gíslason svaraði Sigmari og gaf upplýsingar um afstöðu UMFÍ.

Páll Aðalsteinsson fjallaði um þær deilur sem hafa verið milli UMSK og UMFÍ og taldi mál að linnti.

Fleiri tóku ekki til máls um skýrslu stjórnar.

Að því voru reikningar sambandsins bornir upp og voru þeir samþykktir samhljóða.

VIII. Mál lögð fyrir þingið.

Eftirtaldar tillögur frá stjórn lágu fyrir þinginu og var þeim vísað til nefnda eftir því sem hér segir:

Tillaga 1.

61. ársþing UMSK, þakkar sveitastjórnnum og sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1986 við íbúafjölda, kr. 15á íbúa.

Tillögunni vísað til fjárhagsnefndar.

Tillaga 2.

61. ársþing UMSK, samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 20,- á hvern gjaldskyldan félaga árið 1984.

Tillögunni vísað til fjárhagsnefndar.

Tillaga 3.

61. ársþing UMSK, felur stjórn sambandsins að athuga með og stefna að útisamkomu í Þjórsárdal um Jónsmessuna (21.-23. júní) í sumar.

Tillögunni vísað til fjárhagsnefndar og alsherjarnefndar.

Tillaga 4.

61. ársþing UMSK, samþykkir að gert verði átak í félags-

málafræðslu á sambandssvæðinu.

Tillögunni vísað til félagsmálanefndar.

Tillaga 5.

61. ársþing UMSK, samþykkir að hvetja aðildarfélögin til að sinna enn betur skipulagningu og sölu getraunaseðla.

Tillögunni vísað til fjárhagsnefndar.

Tillaga 6.

61. ársþing UMSK, samþykkir á ári æskunnar að stefnt verði að stórátaki í uppbyggingu heilbrigðar æsku með enn aukinni útbreiðslu íþróttar og útiveru.

Tillögunni vísað til íþróttanefndar og félagsmálanefndar.

Tillaga 9.

61. ársþing UMSK, samþykkir að kjósa 3 manna nefnd til að vinna að laga- og skipulagsbreytingum á næsta ári og leggi fram tillögur á næsta ársþingi UMSK. Nefndin geri m.a. tillögur að reglugerð/lögum um meðferð gullmerkis UMSK.

Tillögunni vísað til alsherjarnefndar.

Tillaga 7.

61. ársþing UMSK, samþykkir að gert verði barmmerki fyrir UMSK og verði það selt til ágóða fyrir sambandið.

Tillögunni vísað til alsherjarnefndar.

Tillaga 8.

61. ársþing UMSK, samþykkir að gert verði gullmerki fyrir UMSK, sem aðeins verði veitt við sérstök tækifæri.

Tillögunni vísað til alsherjarnefndar.

Tillaga 10.

61. ársþing UMSK, samþykkir að plantað verði a.m.k. einni plöntu á hvern félagi í UMSK í júní n.k. í samráði við skógræktarfélag á viðkomandi svæði.

Tillögunni vísa til alsherjarnefndar.

Kristinn G. Jónsson kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu:

61. ársþing UMSK, samþykkir að fela stjórn UMSK að skipa sem fyrst í landsmótsnefnd fyrir landsmótið á Húsavík 1987.

Tillögu Kristínns G. nr. 11 vísað til íþróttanefndar.

IX. Nefndir skila álitum.

Sveinn Jóhannsson skilaði og gerði grein fyrir álitum félagsmálanefndar.

Tillaga 4.

61. ársþing UMSK, samþykkir að félagsmálafræðsla verði eflað á sambandssvæðinu.

Tillaga 6.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþ. óbreytt

Þorgerður Aðalsteinsdóttir gerði grein fyrir orðalagsbreytingum á tillögu nr. 6 sem íþróttanefnd hafði einnig til umfjöllunar.

Tillaga 6.

61. ársþing UMSK, samþykkir á ári æskunnar að stefnt verði að ennþá stærra átaki í uppbyggingu heilbrigðar æsku með enn aukinni útbreiðslu íþróttar og útiveru og skorar á stjórnvöld að leggja sitt af mörkum.

Þá var orðið gefið laust um tillögurnar og þær bornar upp til atkvæða.

Tillaga 4. samþykkt samhljóða eins og hún kom frá félagsmálanefnd.

Tillaga 6. samþykkt með orðalagsbreytingum og við bót íþróttanefndar.

Vilhjálmur Einarsson gerði grein fyrir álitum alsherjarnefndar,

Tillaga 3. (með orðalagsbreytingum)

61. ársþing UMSK, felur stjórn sambandsins að athuga með og stefna að útisamkomu í Þjórsárdal í sumar.

Tillaga 12 (ný tillaga frá nefndinni)

61. ársþing UMSK, felur stjórn UMSK að kanna hvort hægt sé að koma fyrir fjölskylduhátíð um Verslunnarmannahelgina á félagssvæði UMSK.

Tillaga 7.

61. ársþing UMSK, samþykkir að gert verði barmmerki fyrir UMSK og verði það selt til ágóða fyrir sambandið.

Tillaga 9.

61. ársþing UMSK, samþykkir að kjósa 3 manna nefnd til að

vinna að laga- og skipulagsbreytingum á næsta ári og leggi fram tillögur á næsta ársþingi UMSK. Nefndin geri m.a. tillögur að reglugerð/lögum um meðferð gullmerkis UMSK.

Tillaga 8.

61. ársþing UMSK, samþykkir að gert verði gullmerki fyrir UMSK, sem verði veitt veitt við sérstök tækifæri, samkv. reglugerð.

Tillaga 10.

61. ársþing UMSK....., samþykkir að plantað verði a.m.k. einni plöntu á hvern félagu í UMSK í júní n.k. í samnáði við skógræktarfélag á viðkomandi svæði.

Orðið gefið laust um tillögurnar, og þær því næst bornar upp til atkvæða, og allar samþykktar samhljóða.

Þorgerður Aðalsteinsdóttir gerði grein fyrir álitum íþróttanefndar.

Tillaga 11.

61. ársþing UMSK, samþykkir að fela stjórn UMSK að skipa sem fyrst í landsmótsnefnd fyrir landsmótið á Húsavík 1987.

Tillaga 13. (ný tillaga frá nefndinni)

61. ársþing UMSK, samþykkir að fela stjórn UMSK að kanna möguleika á að halda landsmót á sambandssvæði UMSK árið 1990 og ítreki við stjórn UMFÍ fyrri umsókn.

Orðið gefið laust um tillögurnar og þær því næst bornar upp til atkvæða. Tillögurnar báðar samþykktar samhljóða.

Katrín Gunnarsdóttir gerði grein fyrir álitum fjárhagsnefndar.

Tillaga 1.

61. ársþing UMSK, þakkar sveitarstjórnnum og sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1986 við íbúafjölda, kr. 15 á íbúa.

Tillaga 2.

61. ársþing UMSK, samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 20 á hvern gjaldskyldan félagu árið 1984.

Tillaga 5. (með viðbót frá nefndinni)

61. ársþing UMSK, samþykkir að hvetja aðildarfélögin til að sinna enn betur skipulagningu og sölu getraunaseðla. Einnig beinir þingið til íþróttaförystunnar að hrinda í framkvæmd talnaleykjnum Lottó enda eru stórkostlegir fjármunir í húfi fyrir íþróttahreyfinguna.

Fjárhafsáætlun fyrir 1985.

Tekjur:

| | |
|----------------------------|------------------|
| Framlög sveitarfélaga..... | 250.000,00 |
| " Sýslusjóðs | 125.000,00 |
| Útbreiðslustyrkur | 130.000,00 |
| Getraunir | 170.000,00 |
| Útihátíð | 250.000,00 |
| Leigutekjur | 240.000,00 |
| Skattar aðildarfél. | <u>75.000,00</u> |

Samtals: 1.240.000,00

Gjöld:

| | |
|--|------------------|
| Laun | 500.000,00 |
| Rekstur skrifstofu | 200.000,00 |
| Gjafir, risna, verðlaun | 70.000,00 |
| Sérráð | 70.000,00 |
| Rekstur sumarhúss | 35.000,00 |
| Skattur til UMFÍ og ÍSÍ | 17.000,00 |
| Innréttingar | 100.000,00 |
| Félagsmálafræðsla | 40.000,00 |
| Kostn. v/ leigu að Mjölnisholti 14 | <u>60.000,00</u> |

Samtals: 1.092.000,00

Tekjuafgangur: 148.000,00

Alls: 1.240.000,00

Orðið gefið laust og tillögurnar því næst bornar upp til atkvæða. Tillögur nefndarinnar allar samþykktar samhljóða.

X. Kosningar.

Þorgerður Aðalsteinsdóttir flutti tillögur uppstillinganefndar.

Formaður: Katrín Gunnarsdóttir

Aðrir í stjórn: Vilhjálmur Einarsson
Kristinn G. Jónsson
Ólína Sveinsdóttir
Elsa Jónsdóttir

Varastjórn: Páll Aðalsteinsson
Jón Tynes
Lárus Pétursson

Endurskoðendur: Ingólfur A. Steindórsson
Steinþór Pálsson

Til vara: Guðmundur Davíðsson
Margrét Bjarnadóttir

Í héraðsdómstól: Magnús Harðarson
(í stað Sigurðar Skarphéðinssonar)

Millipinganefnd: Kristján Sveinbjörnsson
Páll Aðalsteinsson
Guðmundur Jónsson

Þar sem ekki komu fram aðrar tillögur var sjálfkjörið í ofangreindar trúnaðarstöður og tillögur uppstillinganefndar samþykktar samhljóða.

- XI. Katrín Gunnarsdóttir nýkjörinn formaður UMSK tók til máls og þakkaði þann heiður og það traust sem henni var sýnt með því að kjósa hana formann. Færði hún fráfarandi stjórnarmönnum þakkir fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið.

Kristján Sveinbjörnsson fráfarandi formaður þakkaði hlý orð í sinn garð. Færði hann síðan samstarfsmönnum sínum þakkir fyrir gott samstarf. Óskaði hann nýkjörinni stjórn velfarnaðar í starfi.

- XII. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og sleit Páll Bjarnason þingforseti þinginu kl. 17:42.

TILLÖGUR SAMÞYKKTAR Á 61. ÁRSPINGI UMSK.Tillaga 1.

61. ársþing UMSK...., þakkar sveitastjórnnum og sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1986 við íbúafjölda, kr. 15 á íbúa.

Tillaga 2.

61. ársþing UMSK...., samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 20 á hvern gjaldskyldan félaga árið 1984.

Tillaga 3.

61. ársþing UMSK...., felur stjórn sambandsins að athuga með og stefna að útisamkomu í Þjórsárdal í sumar.

Tillaga 4.

61. ársþing UMSK...., samþykkir að félagsmálafræðsla verði efld á sambandssvæðinu.

Tillaga 5.

61. ársþing UMSK...., samþykkir að hvetja aðildarfélögin til að sinna enn betur skipulagningu og sölu getraunaseðla. Einnig beinir þingið til íþróttaforstunnar að hrinda í framkvæmd talnaleyknum Lottó enda eru stórkostlegir fjármunir í húfi fyrir íþróttahreyfinguna.

Tillaga 6.

61. ársþing UMSK...., samþykkir á ári æskunnar að stefnt verði að ennþá stærra átaki í uppbyggingu heilbrigðar æsku með enn aukinni útbreiðslu íþróttar og útiveru og skorar á stjórnvöld að leggja sitt af mörkum.

Tillaga 7.

61. ársþing UMSK...., samþykkir að gert verði barmmerki fyrir UMSK og verði það selt til ágóða fyrir sambandið.

Tillaga 8.

61. ársþing UMSK...., samþykkir að gert verði gullmerki fyrir UMSK sem aðeins verði veitt við sérstök tækifæri samkvæmt reglugerð.

Tillaga 9.

61. ársþing UMSK...., samþykkir að kjósa 3 manna nefnd til að vinna að laga- og skipulagsbreytingum á næsta ári og leggi fram tillögur á næsta ársþingi UMSK. Nefndin geri m.a. tillögur að reglugerð/lögum um meðferð gullmerkis UMSK.

Tillaga 10.

61. ársþing UMSK...., samþykkir að plantað verði a.m.k. einni plöntu á hvern félagar í UMSK í júní n.k. í samráði við skógræktarfélag á viðkomandi svæði.

Tillaga 11.

61. ársþing UMSK...., samþykkir að fela stjórn UMSK að skipa sem fyrst í landsmótsnefnd fyrir landsmótið á Húsavík 1987.

Tillaga 12.

61. ársþing UMSK...., felur stjórn UMSK að kanna hvort hægt sé að koma fyrir fjölskylduhátíð um Verslunnarmannahelgina á félagssvæði UMSK.

Tillaga 13.

61. ársþing UMSK...., samþykkir að fela stjórn UMSK að kanna möguleika á að halda landsmót á sambandssvæði UMSK árið 1990 og ítreka við stjórn UMFÍ fyrri umsókn.

Fjárhagsáætlun UMSK 1985.

Tekjur:

| | |
|-----------------------------|------------------|
| Framlög sveitarfélaga | 250.000,00 |
| " Sýslusjóðs | 125.000,00 |
| Útbreiðslustyrkur | 130.000,00 |
| Getraunir | 170.000,00 |
| Útihátíð | 250.000,00 |
| Leigutekjur | 240.000,00 |
| Skattar aðildarfélaga | <u>75.000,00</u> |
| Samtals: | 1.240.000,00 |

Gjöld:

| | |
|--------------------------------------|------------------|
| Laun | 500.000,00 |
| Rekstur skrifstofu | 200.000,00 |
| Gjarir, risna, sérráð | 70.000,00 |
| Sérráð | 70.000,00 |
| Rekstur sumarhúss | 35.000,00 |
| Skattur til UMFÍ og ÍSÍ | 17.000,00 |
| Innréttingar | 100.000,00 |
| Félagsmálafræðsla | 40.000,00 |
| Kostn. v/ leigu að Mjölnisholti 14 . | <u>60.000,00</u> |

Samtals: 1.092.000,00

Tekjuafgangur: 148.000,00

Alls: 1.240.000,00